

Sjávarútvegsráðstefnan 2016, Hörpu, 24.-25. nóvember

Vottun sjálfbærra veiða: Bakgrunnur og þróun

Dr. Kristján Þórarinsson

Stofnvistfræðingur

SFS

Grundvöllur – um hvað snýst þetta?

Rót umræðu um vottun er samþykkt

Siðareglna FAO um ábyrgð í fiskimálum árið
1995

(FAO Code of Conduct for Responsible Fisheries).

Áherslan er á að afurðir eigi sér ekki
uppruna í ofveiði.

Vönduð stjórn fiskveiða

Í 7. grein siðareglanna felst skilgreining alþjóðasamfélagsins á vandaðri nálgun að stjórn fiskveiða:

- Varúðarleið við stjórn fiskveiða;
- áhersla á endurnýjunargetu og þar með á stærð hrygningarstofns;
- Nýtingarstefna stjórnvalda, hófleg sókn;
- markmið og varúðarmörk;
- fyrirfram ákveðnar aðgerðir ef stofn nálgast varúðarmörk (ekki í hita leiksins).

Frá upplausn til skipulags

- Upphafið (1996-2001) – upplausn:
 - MSC Initiative.
 - Norrænar nefndir:
 - Kontakt gruppen (1996-9);
 - FAO CoFi 1997.
 - Kriteria gruppen (1999-2000).
- UN-FAO Reglur (2003-2009) – skipulag:
 - Ísland í leiðandi hlutverki;
 - Reglur samþykktar af aðildarríkjum FAO 2005 og auknar 2009.

Sjálfbær nýting er kjarninn

- Við verðum að hafa góða sögu að segja:
 - Allt byggist á því að við höfum þessa hluti í lagi heima fyrir.
- Barátta fyrir vandaðri fiskveiðistjórnun í hörðum heimi.
- Vottun er „fínerí“ sem kemur í kjölfarið til staðfestingar.

Umfang (Scope) skv. FAO reglum

“These guidelines are applicable to ecolabelling schemes that are designed to certify and promote labels for products from well-managed marine capture fisheries and focus on issues related to the sustainable use of fisheries resources.”

- Hér er áherslan á vandaða stjórnun veiða á villtum fiski sem miðar að sjálfbærri nýtingu fiskveiðiauðlinda.
- Alþjóðlegar vottunarkröfur snúa aðallega að stjórnvöldum, sem fara með stjórn fiskveiða, en í minna mæli að einstökum fyrirtækjum.
- Mikilvægt er að hafa þessa áherslu í huga í allri umræðu.

Stjórnvöld og heildarsýn

- “In assessing compliance with certification standards, the impacts on the “stock under consideration” of all the fisheries utilizing that “stock under consideration” over its entire area of distribution are to be considered.” (Úr grein 25 í FAO reglunum.)
- Lausleg þýðing: Þegar metið er hvort vottunarstaðlar séu uppfylltir ber að skoða áhrif allra veiða á viðkomandi stofn á öllu útbreiðslusvæði hans.
- Á þetta reynir ekki hvað síst þegar votta skal veiðar úr deilistofnum og stjórnvöld fleiri ríkja koma að málum.
- Ath. Þetta snýst mest um að ekki sé um ofveiði að ræða!

HLUTVERK VOTTUNAR: RÉTTMÆT VOTTUN ER EKKI HAFRANNSÓKNIR, FISKVEIÐIRÁÐGJÖF EÐA FISKVEIÐISTJÓRNUN

- Vottun er ekki hafrannsóknir né heldur fiskveiðiráðgjöf;
 - Vottun felur í sér staðfestingu á því að rannsóknir og fiskveiðiráðgjöf byggja á viðurkenndum aðferðum.
- Vottun og umhverfismerki er ekki fiskveiðistjórnun;
 - Fiskveiðistjórnun verður eftir sem áður í höndum til þess bættra stjórnvalda.
- Vottun felur m.a. í sér staðfestingu þriðja aðila á góðri frammistöðu við stjórn fiskveiða og liðkar fyrir markaðsaðgengi sjávarafurða.
 - Uppfylla stjórnvöld þær skuldbindingar sem þau sjálf hafa undirgengist á vettvangi alþjóðastofnana?

Aðhald er nauðsynlegt

- Vottun hefur mikilvægu hlutverki að gegna við markaðssetningu sjávarafurða.
- Nokkurrar viðkvæmni gætir í umræðunni af þeim sökum.
- Engu að síður verðum við að geta rætt undirliggjandi efni málsins af hreinskilni, enda er sjálfbær nýting mikilvægt málefni í hörðum heimi.
- Margt er vel gert á sviði vottunar, annað miður vel eins og gengur.
- Aðhald stuðlar að vöndun og trúverðugleika.

Þrjú áhyggjuefni tengd þróun vottunar

- Forðast ber einokun einkaaðila á vottunarkröfum.
- Forgangsröðun getur skekkst.
- Ferlið getur farið út af sporinu ef allt verður að vera vottað.

Það verður að vera val!

Greinin getur einfaldlega ekki búið við það að einn einkaaðili ráði því á grundvelli breytanlegs einkastaðals hver getur selt almenningi sjávarafurðir og hver ekki.

Af þessum ástæðum og öðrum verður að vera val á milli fleiri kosta í vottun.

Choice is essential!

The fishing industry simply cannot, as a matter of principle and form, tolerate a situation where a single private entity, on the basis of a changeable private standard, has sole authority to decide who can sell seafood to the public and who cannot.

-- (KÞ, Intl. Cold Water Prawn Forum 2011)

Allt vottað?

- Hugmyndin var sú að einungis þeir bestu hlytu vottun.
- Ef gerð er krafa um að allt verði að vera vottað, hvað verður þá um alþjóðlegu kröfurnar? Þetta skapar spennu.
 - Afslættir, frestir, ...
- Hver væri skynsemin í því að votta veiðar sem ekki uppfylla alþjóðlegar kröfur?
- Mikilvægt er að gera skýran greinarmun á vottun og úrbótaáætlunum;
 - Hafa mörkin þar á milli færst til?
 - Hver eru skilaboðin til neytandans?
- Mikilvægt er að alþjóðlegar kröfur séu í raun uppfylltar þegar vottun er veitt.
- Hér þarf að sýna aðgát svo að þessi starfsemi fari ekki út af sporinu!

Skekking forgangsraðar

- Mikilvægt að staðlar séu skýrir.
- Mikilvægt að áherslan sé á aðalatriðin skv. samþykktum UN-FAO.
- Vottunaraðilar verða að varast að taka dægurmál eða sérstök áhugamál fram yfir kjarnaatriði fiskveiðistjórnunar.
- Varast ber að gera kröfur um skekka forgangsröð í stjórnunaraðgerðum og hafrannsóknnum, enda er ávallt byggt á takmörkuðum fjárveitingum.
 - Þessi hættu er t.d. gjarnan til staðar þegar veittur er afsláttur af kjarnakröfum.

Ályktun – Afstaða

- Umhverfið fylgist grannt með:
 - Vanda ber til verka;
 - Vottun má ekki missa trúverðugleikann því þá getum við orðið vopnlaus í framhaldinu.
- Starfshættir á þessu sviði hafa farið batnandi með árunum þótt enn séu slök dæmi til og veikleikar sem taka þarf á.
- GSSI gæti gegnt mikilvægu hlutverki til framtíðar ef vel tekst til.
- **Okkur er nauðsynlegt að eiga traustan og áreiðanlegan valkost í vottun:**
 - **Hver og hver og vill og verður?**